

LISTAPÓSTURINN



Yoko Ono kemur til landsins 23. apríl

Sýning Yoko Ono á Kjarvalsstöðum nálgast óðum

„Við höfum mikinn áhuga fyrir Fluxus hreyfingunni og áhrifum hennar á íslenska myndlist og þá sérstaklega með Súm hópinn í huga á árunum '65—'67," sagði Gunnar B. Kvaran á Kjarvalsstöðum er Listapósturinn forvitnaðist um væntanlega komu Yoko Ono til landsins. Sýning Yoko mun hefjast 27. apríl og mun hún væntanleg þann 23. apríl til að setja upp sýninguna. Sýningin mun teygja arma sína út fyrir Kjarvalsstaði og verða þrjú útilistaverk staðsett á Lækjartorgi, við tjörnina og fyrir utan Kjarvalsstaði.



„Fluxus hreyfingin er listahreyfing sem í mörgu tilliti er mjög framandi fyrir fólk," sagði Gunnar. „Yoko Ono er auk þess að vera einn af frumkvöðlum Fluxus hálfgerð goðsögn í lifanda lífi." Yoko Ono segir um verk sín: „Öll mín verk eru ákveðið form óskhyggju. Haldið áfram að óska meðan þið takið þátt í verkinu." Verk Yoko hafa mikla skírskotun í kvennabaráttu og kröfuna um frið í heiminum en Yoko Ono hefur látið mikið til sín taka á þeim vettvangi ekki síst ásamt manni sínum sálluga John Lennon eins og frægt er.

Auk sýningar Yoko Ono verður yfirlitssýning á verkum Fluxus listamanna í austursal Kjarvalsstaða, en safnið hefur einnig hugsað sér að sýna verk fleiri Fluxus listamanna á næstu árum.



S.ÞÓR

Íslendingar eru negrar norðursins

— segir Dóri í Vinum Dóra en hljómsveitin fagnar afmæli blúsvakningar á Íslandi

„Þessi tímamót marka upphaf blúsvakningar á Íslandi," segir Halldór Bragason gítarleikari en hann er einmitt hinn frægi Dóri sem ásamt vinum sínum fagnar afmæli hljómsveitarinnar Vinir Dóra í Púlsinum í kvöld og á fimmtudagskvöld.

„Á skírdag eru nákvæmlega tvö ár síðan við héldum okkar fyrstu sjálfstæðu tónleika á Hótel Borg fyrir fullu húsi. Á þeim tíma var blús spilaður svona tvisvar á ári. Núna er hann spilaður daglega í útvarpinu. Við ætlum því að baka afmælisköku og halda afmælisveislu í Púlsinum.

Þessir tónleikar verða fyrst og fremst til að skemmta okkur og gestum okkar sem verða margir. Nokkrir leynigestir hyggjast spila með okkur og Kristján Hreinsson skáld mun fremja blúsgjörning og er þá fátt eitt talið.

Tónleikarnir eru síðan tileinkaðir Leo Fender þeim sem fann upp Fender gítarinn en hann er nýlega látinn. Hann smíðaði þessa gítara 1952—4 og enn eru þetta bestu gítarar sem hægt er að fá. Við ætlum því að taka hattinn ofan fyrir Leo Fender."

VIÐ GETUM FENGIÐ HVAÐA BLÚSLISTAMANN SEM ER

Hvað er ykkur efst í huga á þessum tímamótum?

„Það er fyrst og fremst hvað gæðin hafa rokið upp í blúslífinu. Það er sífellt að aukast að menn spili lifandi tónlist og tölvutónlistin er að hverfa af sjónarsviðinu. Fólk skemmtir sér svo vel á blústónleikum vegna þess að blúsinn er einföld tónlist sem getur höfðað til allra. Það er að sjálfsögðu fólkið sem stendur fyrir þessari vakningu með því að mæta á þessa tónleika. Við erum sem sagt staðráðin í því að lyfta blúslífinu í æðri hæðir og halda uppi öflugu samstarfi við erlenda aðila.

Það hafa opnast alveg gífurlegir möguleikar fyrir hljómsveitina og eins og málin eru í dag getum við fengið næstum hvaða blúslistamann úr heiminum sem er til að spila með okkur, standardinn er orðinn svo hár á bandinu."

TILFINNINGALÍF FÓLKSINS

Hefur kráarmenningin orðið til að lyfta undir blúsinn hérna heima að þínu mati?

„Hún hefur vissulega spilað rullu en þó ekki stóra. Blúslistamenn vinna á krám og þeirra vettvangur er klúbbar. Stærsti þátturinn er tilfinningalíf fólksins og þetta nauðsynlega mótvægi við tölvuvæðingu og hávaðadýrkun. Íslendingar hafa geðslag sem gerir þeim kleift að skynja þá tilfinningu sem blús er. Það er svo stutt síðan við skriðum út úr moldarkofunum."

NEGRAR NORÐURSINS

„Við urðum fyrst siðmenntuð á mælikvarða vestrænna þjóða fyrir um fimmtíu árum. Þetta erum við að breiða yfir með því að taka fullskapaða menningu annars staðar frá og gera að okkar án þess að bæta neinu við. Það kallar síðan á það að við erum sífellt að bera okkur saman við fyrirmyndirnar sem eiga sér langa hefð. Hvernig kemur þetta svo út? Jú, það er til dæmis einn maður sem segist eiga Íslensku óperuna og því verður ekki haggað. Við höfum mikla minnimáttarkennd gagnvart öðrum Evrópuþjóðum og stöndumst ekki samanburð við þeirra menningu. Okkar menningarhefð er svo ólík þeirra. Okkar geðslag er ekki ólíkt bandarískum svertingjum en samt heyrist sagt að hvítir menn geti ekki spilað blús. Hvað er Yfir kaldan eyðisand annað en blús? Íslendingar eru negrar norðursins enda erum við komin af þrælum."

ÞAÐ VARÐ EKKI AFTUR SNÚIÐ

Hvenær byrjaðir þú að spila blús?

„Það hefur verið fljótlega upp úr 1970. Ég fékk gítar í fermingargjöf og fór að hlusta á Clapton og Hendrix. Opinberlega sögðu þessir menn að þeirra tónlist ætti rætur í blús. Ég fór að hlusta á blús og þegar ég uppgötvaði Muddy Waters varð ekki aftur snúið," sagði Dóri að lokum.

Hollenskur maður setur upp íslenskt gallerí í Haag

„Ég kom til Íslands í janúar í fyrra og kynntist íslenskri myndlist. Ég varð svo hrifinn að ég fór að velta fyrir mér möguleikanum á því að kynna hana betur í Hollandi," segir Olav Fekker en hann opnar íslenskt gallerí í Haag þann 20. apríl.

Fyrstu myndlistarmennirnir sem sýna hjá Olav eru Guðbjörg Lind, Þorgerður Hauksdóttir, Ingólfur Jóhannsson og Þór Guðmundsson.

Fyrir þá sem eiga leið um Haag er heimilisfang gallerísins:

Iceland Galleri,
Edemtegrächt 9,
Haag, Holland.



S.ÞÓR